



Reykjavík, 29. apríl 2024

FAS24040047

Borgarráð

**Gufunes, afnotasamningur um lóð vegna kvíkmyndagerðar**

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi afnotasamningi við Borghildi ehf. kt. 500606-0320 um afnot af um malbikuðu svæði í Gufunesi

**Greinargerð:**

Borghildur ehf. vinnur að þáttaröð fyrir erlenda aðila og hefur óskað eftir afnotum að um 8.900 fermetra malbikuðu svæði í Gufunesi. Þess vegna hefur félagið leitað til Reykjavíkurborgar og óskað eftir að fá til afnota svæðið til að setja upp leikmyndir.

Afnotasamningur er tímabundinn í 6 vikur auk tíma til að taka niður leikmyndir. Leiga er 1.780.000 fyrir tímabilið.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög að afnotasamningi dags. 15. apríl 2024

## AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, (hér eftir nefndur „leigusali“) og Borghildur ehf., kt. 500616-0320, Pengilsbás 14, 112 Reykjavík(hér eftir nefndur „leigutaki“), gera með sér svofelldan afnotasamning:

### 1. gr.

#### *Hið leigða*

Leigutaki tekur á leigu 8.900 fermetra malbikað svæði í borgarlandi vestan við Gufunesveg 21, sbr. meðfylgjandi mynd. Leigutaki mun nýta svæðið undir leikmyndir og upptökur fyrir kvikmyndagerð. Óheimilt er að nota hið leigða til annars.

### 2. gr.

#### *Leigugjald*

Leiga greiðist fyrir afnotin 1.780.000 kr. en gert er ráð fyrir að upptökur verði frá og með 1. maí til 15 júní. Gert verði ráð fyrir eðlilegum tíma til uppsetningar og tiltektar að leigutíma liðnum. Leigugjaldið greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. maí og eindaga 15 dögum síðar.

### 3. gr.

#### *Gildistími*

Afnotasamningur þessi er tímabundinn en gert er ráð fyrir að upptökur verði frá og með 1. maí 2024 til 15 júní 2024. Auk þess er gert ráð fyrir eðlilegum tíma til uppsetningar og tiltektar að leigutíma liðnum.

### 4. gr.

#### *Rekstrarkostnaður og viðhald*

Frá upphafi leigutíma skal leigutaki greiða allan kostnað vegna reksturs hins leigða. Leigutaka er heimilt að girða svæðið af.

### 5. gr.

#### *Skil á hinu leigða*

Við lok samnings þessa skal leigutaki skila hinu leigða til leigusala. Leigutaki skal við samningslok fjarlægja allt sem er á eða mun vera á afnotasvæðinu í lok samnings þessa.

### 6. gr.

#### *Nýting á hinu leigða*

Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir um í 1. gr. Öll önnur framleiga er óheimil.

**7. gr.**

*Riftun*

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun.

**8. gr.**

*Varnarþing*

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík 15. apríl 2024

Leigusali:

---

f.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Leigutaki:

---

f.h. Borghildar

Vottar að réttri dags., undirskrift  
og fjárræði aðila:

Afmörkun hins leigða

